

Fundargerð 6.2.2020

**Mætt voru:** Linda Ösp, Katrín, Ellý, Erla Jónsd.Kolbrún, Jökull, María Pálmadóttir skólastjóri sem stýrði fundi og Margrét Ólöf Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

## Dagskrá fundarins:

- **Hlutverk stýrihóps:**

Kolbrún fór yfir hlutverk stýrihópsins Olweusar. Stefnt er að því að sameina stýrihópin og skólaráðið. Tilgangurinn með því er að einfalda ferlið og gera það skilvirkara.

- **Olweusarkönnun:**

Kolbrún fór yfir niðurstöður könnunar og útskýrði fyrirlögn á könnun. Fram kom að fyrirmælin og spurningar eru lesnar fyrir nemendum. Kolbrún fór einnig yfir hvaða úrbætur settar hafa verið af stað.

- Það er áhyggjuefni að það eru ekki allir nemendur og foreldrar að láta okkur vita af líðan nemenda. Við þurfum að þjálfar nemendur og foreldra í að láta okkur vita.
- Nemendur segja umsjónarkennara meira frá en upplifa að aðrir fullorðnir stoppi ekki einelti.
- Bent var á að við þurfum að passa upp á að leggja könnun fyrir alla nemendur.
- Einelti á netinu er að aukast. Stúlkur nota dulda áreitni en nú eru drengir farnir að sýna sambærilega hegðun.
- Það kemur fram að það eru oftast strákar sem eru gerendur í stríðni og áreitni.
- Það er áberandi að nemendur segja ekki frá og það á sérstaklega við um stúlkur sem hafa í fyrri könnunum verið að segja frá. Nú eru það drengirnir sem eru frekar að segja frá.
- Nemendur eru mjög uppteknir vegna þess að tómskundadagskráin en mjög mikil. Af þeim sökum er sjaldan tími til að vera í frásri samveru.
- Afstaða til eineltis. Það hefur aukist að drengir eru tilbúnari í að leggja aðra í einelti.

Það er mjög mikilvægt að tala við nemanda og foreldra saman til þess að allir viti hvað er verið að gera þegar grunur leikur á einelti. Foreldrar og nemendur þurfa að vera með í þessari vinnu.

Verið er að vinna að úrbótum á aðgerðaáætlun skólans, hvað er gert í hverjum árgangi. Aðgerðaáætlunin verður kynnt fyrir stýrihóp/ skólaráði.

# Skólaráð

---

- **Reglur**

María ræddi um reglutöflu Setbergsskóla sem verður til umræðu á Skólapingi laugardaginn 8. febrúar 2020.

Leiðarljósinn verða virðing, víðsýni og vellíðan. Vinsemdin fellur undir vellíðan. Skipt verður í hópa og reglutaflan endurskoðuð. Einnig á að ræða símanotkun í skólanum.

- **Önnur mál:**

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.